



Leikskólinn Núpur



Leikskólar Kópavogs Starfsáætlun 2025-2026

Efnisyfirlit

Leikskólinn Núpur.....1

Efnisyfirlit.....1

Ábyrgðaraðilar:

Svana Kristinsdóttir

Áslaug Pálsdóttir Ragnheiðardóttir

Formáli.....	3
Inngangur.....	4
Leiðarljós leikskólans.....	4
Sjálfstæði.....	4
Sköpun.....	4
Samvinna:.....	5
Gleði:	5
Mat á skólastarfi.....	5
Innra mat leikskólans.....	5
Innra mat 2024-2025.....	6
Ytra mat	7
Umbótaáætlun	8
Matsáætlun	8
Áherslur í starfi leikskólans	8
Frjáls leikur.....	8
Fjölgreindir	8
Sjálfræði.....	8
Læsi	8
Menntun til sjálfbærni.....	9
Meistaraverkefni.....	9
Barnasáttmálinn.....	9
Foreldrasamstarf	9
Stefna og áherslur vegna foreldrasamstarfs	9
Foreldraráð.....	9
Starfsreglur foreldraráðs	10
Verkefni foreldraráðs.....	10
Foreldrafélag	10
Þátttaka forráðamanna í leikskólastarfinu.....	10
Fræðsla og upplýsingar til forráðamanna.....	11
Starfsmannamál.....	11
Samsetning starfsmannahópsins	11
Starfsmannastefna.....	11
Fundir.....	11
Símenntunaráætlun	11
Skipulagsdagar.....	12
	2

Samstarf skólastiga	12
Aðrar upplýsingar	12
Fjöldi barna.....	12
Móttaka nýrra barna.....	13
Móttökuvíðtal.....	13
Aðlögun.....	13
Flutningur milli deilda.....	13
Sérkennsla.....	13
Samþætt þjónusta í þágu velferðar barna.....	13
Útskrift.....	14
Nemar.....	14
Húsnæði.....	14
Öryggismál.....	14
Öryggisnefnd	14
Áfallaráð.....	15
Innra eftirlit	15
Slys.....	15
Lokaorð.....	15
Fylgigögn.....	16
Fylgiskjal 1 - Niðurstöður mats.....	16
Fylgiskjal 2 – Umbótaáætlun.....	18
Fylgiskjal 3 – Matsáætlun.....	19
Fylgiskjal 4 – Samskiptasáttmáli Núps.....	22
Fylgiskjal 5 – Símenntunaráætlun	23
Fylgiskjal 6 – Umsögn foreldraráðs.....	24

Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn um starfsáætlunina sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

Inngangur

Veturinn 2024-2025 fór vel af stað, skólinn fullmannaður og öll börn tekin inn á áætluðum tíma. Leikskólastjóri var í námsleyfi þennan veturinn og leysti aðstoðarleikskólastjóri hana af á meðan. Ekki var ráðið í aðstoðarleikskólastjórastöðuna í upphafi vetrar. Sú ákvörðun var endurskoðuð um áramót en þá tók einn deildarstjóri innan hópsins að sér að sinna stöðunni tímabundið. Aðstæður voru því óvenjulegar í stjórnun skólans þetta árið og setti það að einhverju leiti mark sitt á starfið.

Skólanámsskráin sem var unnin veturinn 2023-2024 hefur enn ekki verið gefin út. Nokkrar ábendingar bárust eftir yfirlestur og starfsmannahópurinn taldi rétt að gefa ekki út nýja námsskrá fyrr en leikskólastjórinn hefði snúið aftur og gæti tekið þátt í að leggja lokahönd á hana. Stefnt er á að klára að bregðast við ábendingum og gefa út nýja námsskrá fyrir áramót.

Leikskólinn fékk þróunarstyrk frá Kópavogsbæ vegna verkefnisins „Tónlistarupptökur í leikskólanum Núpi“. Tónlistarmenntaður leikskólakennari hélt utan um verkefnið og í maí var svo gefin út stuttskífa sem ber heitið Sjálfsmyndir. Á henni sungu elstu börn skólans fimm sönglög við undirleik kennara sinna. Skífuna má nálgast með því að smella á eftirfarandi hlekk

<https://drive.google.com/.../1rBr6ElfwDhbcNPD1X3bChsm7XPZ...>

Leiðarljós leikskólans

Sérstakar áherslur skólaársins eru „Fjölgreindir í leikskólastarfi“. Við vinnum út frá hugmyndum Howard Gardner um fjölgreindirnar. Einnig er sérstök áhersla lögð á sjálfræði barnanna þannig að þau hafi meira um það að segja hvað þau vilja gera, með hverjum og hvar.

Markmið leikskólans er að börnin verði sjálfstæðir og skapandi einstaklingar sem kunna að vinna saman. Við leggjum áherslu á að vinna með sjálfræði barnsins og að efla það í sjálfshjálpar enda hjálpar það barninu við að standa með sjálfu sér og þekkja möguleika sína. Sjálfstæðir einstaklingar eiga auðveldara með að vinna saman og þeir sem hafa góða sjálfsmynd eiga auðveldara með að setja sig í spor annarra.

Einkunnarorð leikskólans Núps eru „sjálfstæði, sköpun, samvinna og gleði“. Í þeim felast áherslur og markmið leikskólans sem eru útfærð í samverustundum, snillikennslu, frjálsa leiknum og þeim vinnuaðferðum sem er beitt í skólastarfinu.

Sjálfstæði

Við viljum:

- að barnið verði sjálfstæður einstaklingur sem þekki sín takmörk í samskiptum við aðra og finni möguleika sína til þróunar andlega og líkamlega.
- að leikskólinn skapi þær aðstæður að barnið geti sem mest valið sjálft þau viðfangsefni sem það vill fást við.
- að leikskólakennarinn hjálpi barninu til sjálfshjálpar þannig að það öðlist sjálfstæði.
- að börnin læri að takast á við ágreining á uppbyggjandi hátt þannig að allir verði sáttir.

Sköpun

Við viljum:

- að barnið verði skapandi og frjór einstaklingur sem sér möguleikana og telur að hindranir séu til að sigrast á.

- að leikskólinn skapi þær aðstæður að barnið fái notið sköpunargleði sinnar.
- að leikskólakennarinn styðji og styrki sjálfstæða sköpun barnsins þannig að það geti skapað á eigin forsendum í samvinnu og samskiptum við aðra.
- að umhverfið ýti undir og gefi tækifæri á skapandi hugsun og aukins hugmyndaflugs.

Samvinna:

Við viljum:

- að börnin læri að vinna saman.
- að barnið í gegnum samvinnu öðlist betri sjálfspekkingu.
- að samskipti í leikskólanum miðist við samvinnu og samhjálp.
- að leikskólakennarinn hjálpi börnunum að vinna saman í að eiga góð samskipti.
- að leikskólakennarinn verði börnum góð fyrirmynd í samvinnu og samskiptum.
- að umhverfið í leikskólanum verði hvetjandi til samvinnu og samhjálp.

Gleði:

Við viljum:

- að leikskólastarfið verði gleðiríkt þannig að börnin njóti leikskóladvalar sinnar.
- að leikskólakennarinn stuðli að því að viðhalda gleði barnsins í sköpun og leik.
- að leikskólinn stuðli að aukinni gleði í leik og starfi þannig að barnið læri að þekkja sjálft sig með glöðum og ánægðum hug.
- að gleðin í því sem barnið er að takast á við skipti meira máli en útkoman.

Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Núps eru á stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni allra starfsmanna. Matsteymið leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar ásamt fyrir fram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar.

Matsþættir	2025- 2026	2026- 2027	2027- 2028	2028- 2029
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi		x		x
Stjórnun skólans og daglegur rekstur		x		x
Faglegt samstarf	x		x	x
Leikskólaþróun og símenntun		x		x

Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka		x		x
Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans	x		x	
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara	x		x	
Fagmennska starfsfólks	x		x	
Starfsánægja	x		x	
Leikskólabragur				
Viðmót og menning		x		x
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi		x		x
Viðhorf foreldra		x		x
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni	x		x	
Gagnaöflun og vinnubrögð	x		x	
Opinber birting og umræður	x		x	

Innra mat 2024-2025

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Núps eru á *stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra*. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni alls starfsfólks. Matsteymið leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar ásamt fyrir fram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar.

Matsteymi um gæði leikskólastarfs í Kópavogi tók til starfa haustið 2020 en tilgangur þess er að stuðla að þróun og umbótum í leikskólastarfi. Í Matsteymi skólans sitja leikskólastjórar, deildarstórar og sérkennslustjórar.

Viðburðir í skólastarfinu eru metnir jafn óðum og þeir eru haldnir. Verklýsingar eru yfirfarnar að viðburði loknum og endurskrifaðar ef breytinga er þörf.

Framfarir barnanna eru metnar með markvissum hætti allt skólaárið, má það helst nefna að HLJÓM-2 er lagt fyrir elstu börnin að hausti og EFI málþroskaskimunin hjá þriggja ára börnum á vorönn.

Námssviðið sjálfbærni og vísindi var metið af kennarahópnum í janúar. Notast var við matslista frá Kópavogsbæ sem tekur mið af námsskrá hvers árgangs fyrir sig. Niðurstöðurnar gefa til kynna að starfsfólk Núps sé heilt yfir ánægt með starf sitt á þessu námssviði. Einstaka þættir hefðu mátt koma betur út og fara í umbótaáætlun næsta árs. Kennarar allra árganga nefndu að stækka mætti Drullusvæðið, mála tölur og form á gangstéttar og koma upp krana til vatnsleikja í Lundargarði. Fram kom áhugi á að bæta verklag hvað varðar flokkun, endurvinnslu einnig að sporna við matarsóun.

Á skipulagsdegi í vor fóru starfsmenn deilda yfir vetrarstarf sinnar deildar. Það var ákveðinn samhljómur í niðurstöðum þess mats. Á öllum deildum kom fram skýrt ákall um að deildarfundum, verði tryggt rými í dagskipulaginu, en það gekk ekki nógu vel eftir þennan veturinn. Almenn var á öllum deildum talin þörf á að skipta börnum sem oftast upp í minni hópa og verður það markmið sett í umbótaáætlun næsta skólaárs og fylgt eftir yfir veturinn. Á eldri deildum var því velt upp hvort þörf væri á að vinna með námsefnið *Lubbi finnur málbein* öll árin sem barn er í leikskólanum. Að þeirra mati er barnahópurinn orðinn leiður á þessu námsefni þegar komið er á síðasta ár. Að lokum kom fram vilji starfsmanna til að gera enn betur í foreldrasamskiptum, og leggja sig sérstaklega fram við að ná til þeirra foreldra sem eru óframfærin.

Allir starfsmenn fengu starfsþróunarsamtöl í febrúar og mars. Í þeim mátti heyra að margir upplifa mikið álag og erfiðleika í starfi, aðallega vegna fjarvista starfsfólks og erfiðrar hegðunar barna. Mikill meirihluti starfsmanna taldi að samstarfið og samskiptin á deildinni gengju vel, þó var ein deild undantekning á því, þar sem samstarfserfiðleikar voru talsverðir þennan veturinn. Fólk var beðið um að meta starfsánægju sína á skalanum 1-10. Meðaltal þeirra svara var 7,8 sem við teljum okkur geta verið nokkuð sátt við, en þó stefnum við alltaf á að gera betur.

Skólapúlsinn gerði foreldrakönnun á vorönninni. Þátttaka í henni var óvenju góð þetta árið en um 91% foreldra svöruðu könnuninni í ár. Könnunin kom almennt vel út. Fram kom sérstök ánægja með faglega starfið, Blær, Lubbi og tónlistarkennslan var mikið nefnt í opnum svörum. Aðlögunin þótti sérlega vel heppnuð og fram kom að foreldrar upplifðu öryggi, hlýju og fagmennsku í móttöku barna sinna. Það sama átti við um foreldra þeirra barna sem þyggja sérkennslu, en þau voru einkar ánægð með þá þjónustu sem þeim bauðst. Samskipti við starfsfólk eru sá þáttur sem foreldrum þykir gjarnan mikilvægastur. Í könnuninni kom fram ánægja með upplýsingaflæði í tölvupóstum og Völu, en ósk kom um meiri dagleg samskipti.

Vinnustaðagreining var gerð á vegum Kópavogsbæjar á vorönn 2024. Hún kom nokkuð vel út en vegna þessu hversu seint niðurstöður komu var ekki hægt að taka hana með í starfsáætlun og endurmat síðustu starfsáætlunar. Þess má þó geta að niðurstöður könnunarinnar rímaði mjög við niðurstöður starfsmannasamtala þar sem kom fram mikil álagseinkenni og streita vegna erfiðra starfsaðstæðna og styttingar vinnuvikunnar.

Niðurstöður mats eru allar birtar á heimasíðu skólans. Þær voru bornar sama við umbótaáætlun síðasta árs. Þeir þættir sem ekki hafa náðst fara aftur í umbótaáætlun næsta árs. *Fylgiskjal 1*

Ytra mat

Tilgangur ytra mats er að tryggja gæði starfsins í leikskólanum, að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerðir og aðalnámskrár leikskóla. Ytra mat á að auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum og tryggja að réttindi, öryggi og vellíðan barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Framkvæmd ytra mats í leikskólanum er meðal annars gert með því að skoða fyrirbyggjandi gögn um starfsemi skóla, heimsóknum, viðtölum við börn, starfsfólk skóla og foreldra af utanaðkomandi aðila. Ytra mat kemur ekki í stað innra mats af því að forsendur þess að leikskólinn nýti sér niðurstöður ytra mats til umbóta er að hann hafi áttað sig á styrk- og veikleikum sínum í gegnum innra mat.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Núpi er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar og má sjá í *fylgiskjali 2*.

Matsáætlun

Matsáætlun næsta skólaárs er unnin með hliðsjón af umbótaáætlun. *fylgiskjal 3*.

Áherslur í starfi leikskólans

Frjáls leikur

Frjáls og sjálfssprottinn leikur er megin námsleið ungra barna og hornsteinn alls leikskólastarf. Í Núpi leggjum við áherslu á að gefa leik barnanna rými og góðan tíma. Allt húsnæði og umhverfi leikskólans er skipulagt með það fyrir augum að ýta undir leikinn. Starfsfólk fær fræðslu og er meðvitað um hlutverk sitt í leik barna.

Flæði er ein af þeim leiðum sem við förum til að tryggja leiknum gott rými og tíma. Í flæði eru börnin á þeim svæðum sem þau vilja leika sér á og er þeim frjálst að færa sig milli svæða eftir áhuga. Meginmarkið með flæði er að efla sjálfræði barnanna, að þau hafi ákvörðunarrétt yfir því hvar þau leika sér, með hverjum og hvaða viðfangsefni verður fyrir valinu.

Fjölgreindir

Núpur starfar eftir fjölgreindarkenningum Howard Gardner. Samkvæmt henni búa allir einstaklingar yfir 8 greindum í mismiklum mæli. Þær eru sjálfspekkingargreind, málgreind, samskiptagreind, líkams- og hreyfigreind, tónlistargreind, rök- og stærðfræðigreind, umhverfisgreind og rýmisgreind.

Starf leikskólans miðar að því að börn takist á við verkefni sem reyna á allar greindir og fái tækifæri til að nýta sér styrkleika sína í daglegu lífi.

Snillikennsla er liður í vinnu með fjölgreindir og er hún í aldursskiptum hópum. Unnið verður að þematengdum verkefnum einu sinni til þrisvar í viku u.þ.b. klukkustund í senn.

Sjálfræði

Mikilvægt er að stuðla að sjálfræði barna og áhrifum þeirra á eigið líf og starf. Í Núpi er leitast við að gefa börnum tækifæri á að taka ákvarðanir um daglegt líf sitt alls staðar sem það á við. Má þar nefna frjálsa leikinn, matmálstíma, útiveru og klæðnað. Sjálfræði barna er rætt reglulega í starfsmannahópnum, hvað það felur í sér til að tryggja sameiginlegan skilning.

Læsi

Læsi í viðum skilningi er ein af áherslum Núps og felur það í sér m.a. læsi á umhverfið, læsi á samskipti og ekki síst góðan skilning á tungumálinu og hæfni til að nýta sér það. Í starfi deilda er rík áhersla lögð

á málörvun öllu daglegu starfi. M.a. er notast við námsefnið *Lubbi finnur málbein*, hugmyndafræði orðaspjalls og samræðulestur svo eitthvað sé nefnt.

Menntun til sjálfbærni

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti innleiðingu Heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna haustið 2019, í framhaldi af því fengum við kynningu frá verkefnastjóra um innleiðingarferli fyrir leikskólana. Eftir kynninguna var sett á fót nefnd í Núpi sem fór yfir þau 17 markmið sem Kópavogsbær byggir stefnu sína á og hvernig allt starf leikskólans speglast í þeim. Þessi vinna fór fram skólaárið 2019 -2020. Unnið er samkvæmt heimsmarkmiðunum en mjög ómarkvisst. Stefnt er að því að gera heimsmarkmiðin meira sýnileg í starfinu og hefst sú vinna í samtali við faghópinn á haustönn 2025

Meistaraverkefni

Meistarar er okkar heiti á elsta árgangi skólans. Þau eru meistarar í leikskólagöngu, hafa mikla reynslu og þekkingu á því hvernig er að vera í leikskóla. Hver hópur meistara vinnur að meistaraverkefnum í u.þ.b. eina klukkustund í viku yfir veturinn. Verkefnin eru m.a. fínhyrfiæfingar sem hjálpa þeim að hafa vald á skriffærum og félagsfærni æfingar sem hjálpa þeim að vinna í hóp og fara eftir fyrirmælum. Hluti af vinnu meistara fram í Lindaskóla. Sumarskóli meistara, meistaradeildin tekur til starfa 1. júní. Tilgangur hennar er að styrkja börnin enn frekar og auka sjálfstæði þeirra og ábyrgðarkennd.

Unnið er samkvæmt námskrá 5 ára barna í Kópavogi
https://www.kopavogur.is/static/files/Leikskolar/leikskolar_5-ara-namskra.pdf og einnig er unnið eftir sérstakri námsskrá meistara sem deildarstjórar elstu barna í Núpi hafa undirbúið.

Barnasáttmálinn

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti 22. maí 2018 að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Barnasáttmálinn er í innleiðingafæri í Núpi. Við sjáum strax að töluvert af starfinu okkar samræmist áherslum barnasáttmálans en eftir á að tengja það betur við greinarnar og gera það skýrara. Samhliða vinnu að heimsmarkmiðum verður þessi vinna gerð markvissari í vetur.

Foreldrasamstarf

Stefna og áherslur vegna foreldrasamstarfs

Stefna leikskólans Núps er að tengja saman heimili og skóla með góðum samskiptum við forráðamanna. Deildarstjórar senda forráðamönnum tölvupóst reglulega með pistli um starfið og það sem framundan er.

Áherslur í samstarfi við forráðamanna eru:

- Að allir forráðamenn finni sig velkomna í leikskólann.
- Að upplýsingar til forráðamanna séu sem greiðastar.
- Að forráðamenn séu meðvitaðir um daglegt líf barnsins í leikskólanum.
- Að allir nýir forráðamenn fái móttökuvíðtal við deildastjóra og leikskólastjóra / aðstoðarleikskólastjóra áður en aðlögun hefst.
- Foreldraviðtöl við deildarstjóra eru tvisvar á árinu, í október og mars auk þess sem forráðamenn geta fengið viðtal við deildarstjóra eða leikskólastjóra þegar þörf er á.

Foreldraráð

Í foreldraráði leikskólans Núps eru:

- Þrír til fjórir fulltrúar forráðamanna sem kosnir eru í atkvæðagreiðslu meðal forráðamanna á aðalfundi foreldrafélags Núps.
- Leikskólastjóri.

- Fulltrúi starfsmanna leikskólans

Ráðið er kosið í september/október til eins árs í senn. Fundir í foreldraráði eru haldnir annan hvern mánuð yfir vetrartímann, hálf tíma til klukkutíma í senn.

Starfsreglur foreldraráðs

- Leikskólastjóri kallar ráðið saman til fyrsta fundar fyrir 1. október ár hvert.
- Formaður og ritari ráðsins eru kosnir á fyrsta fundi ráðsins. Formaður ráðsins skal kosinn úr hópi forráðamanna.
- Foreldraráð ákveður fastan fundartíma annan hvern mánuð á sínum fyrsta fundi.
- Aukafundir eru haldnir ef þurfa þykir.
- Ef tveir aðilar innan ráðsins óska eftir aukafundi skal boða til hans innan viku frá beiðni til formanns.
- Fundargerðir skulu birtar á vef skólans auk þess sem tölvupóstur er sendur á alla forráðamanna og starfsmenn með hlekk á síðustu fundargerð.
- Ráðið getur kallað til aðra forráðamanna eða starfsmenn á fund eða til að vinna ákveðin verkefni eftir þörfum hverju sinni.

Verkefni foreldraráðs

- Mat á leikskólastarfinu
- Þróunarverkefni
- Skólanámskrá
- Starfsáætlun
- Skóladagatal
- Vandamál tengd manneklu og öðrum starfsmannamálum
- Aðbúnaður barna og starfsmanna
- Stefna skólans
- Heimsíða skólans
- Sérkennsla

Foreldrafélag

Foreldrafélag leikskólans kys sér stjórn á aðalfundi félagsins sem er boðaður í september eða október ár hvert. Stjórnin fundar einu sinni í mánuði. Foreldrafélagið er skemmtifélag og stendur fyrir uppákomum s.s. leiksýningum og sveitaferð o.fl.

Foreldrafélagið starfar skv. lögum félagsins og eru þau aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

https://nupur.kopavogur.is/library/Files/Log-Foreldrafelags-leikskolans-Nups_2018.pdf

Þátttaka forráðamanna í leikskólastarfinu

Árlega er forráðamönnum boðið að taka þátt í viðburðum á vegum leikskólans.

- Í september bjóða börnin forráðamönnum sínum á haustfagnað skólans þar sem boðið er upp á súpu sem gerð er úr grænmeti sem börnin hafa ræktað.
- Í október/nóvember er karladagur þar sem öllum feðrum, bræðrum og öfum er boðið að vera með okkur eina morgunstund.
- Í febrúar er kvennadagur þar sem öllum mæðrum, systur og ömmum er boðið að vera með okkur eina morgunstund.
- Í maí er Vorverkstæði þar sem forráðamönnum og systkinum er boðið í þátttökumiðað opið hús þar sem börn og fullorðnir leika sér saman á stöðvum
- Í lok maí útskrifast meistara formlega og er forráðamönnum og öðrum aðstandendum meistara boðið.

Fræðsla og upplýsingar til forráðamanna

Þegar forráðamönnum hefur verið úthlutað plássi fyrir barn sitt í leikskólanum eru þeir boðaðir í móttökuviðtal. Þar hitta forráðamenn deildarstjóra og leikskólastjóra þar sem farið er yfir þær upplýsingar er skipta máli þegar nýtt barn byrjar í leikskólanum.

Aðrir fundir/kynningar eru:

- Kynningar á vetrarstarfi leikskólans eru í september.
- Aðalfundur foldrafélagsins er í september.
- Deildarstjórar senda forráðamönnum reglulega smá pistil um starfið í tölvupósti.
- Öfréttir eru sendar í gegnum nýtt tilkynningakerfi Völu leikskólakerfi

Starfsmannamál

Samsetning starfsmannahópsins

Undanfarin ár hafa verið starfandi á bilinu 30-35 manns í mismunandi starfshlutfalli samtals í u.þ.b. 27 stöðugildum. Búast má við svipuðum fjölda fyrir árið 2025-2026.

Nú starfa í Núpi auk stjórnenda tólf leikskólakennarar, tveir með Bed í leikskólakennarafræðum, tveir grunnskólakennarar, einn með uppeldis- og menntunarfræði, einn aðstoðarleikskólakennari og sex með aðra háskólamenntun, sjö leiðbeinenda auk tveggja starfsmanna í eldhúsi. Meðalaldur starfsmanna er 38,7 ár og meðal starfsaldur er 4,8 ár. Starfsmenn leikskólans sem eru með háskólamenntun og þá erum við að tala um kennara og aðra háskólamenntun, eru rétt tæplega 80% af stöðugildum leikskólans, kennaramenntaðir eru 57% sem er hátt hlutfall miðað við marga skóla. Starfsmannahópurinn okkar er fjölbreyttur. Hér starfa fólk af ýmsum kynjum á öllum aldri og frá nokkrum löndum.

Deildarstjóri er yfirmaður hvernar deildar, en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara, nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna. Vinnuskóli Kópavogs sendir á hverju ári unglinga til starfa í leikskólum Kópavogs og er það skemmtileg og góð viðbót við starfsmannahópinn á sumrin. Einnig eigum við samstarf við fjölsmiðjuna og fáum við starfsmann í þjálfun þaðan til þriggja mánaða

Starfsmannastefna

Í leikskólanum Núpi er unnið eftir starfsmannastefnu Kópavogsbæjar. Lögð er áhersla á að starfsfólki líði vel í vinnunni og mikil áhersla er á samvinnu milli deilda. Einnig er lögð áhersla á að taka vel á móti nýjum starfsfólki og allir fái fræðslu við hæfi. Unnið er samkvæmt móttökuáætlun nýrra starfsmanna. Skipulagdagar eru m.a. nýttir til námskeiðshalds, fólk er hvatt til að sækja sér þá endurmenntun sem nýtist því sem best til faglest og persónulegs þroska.

Starfsfólk Núps hefur gert með sér samskiptasáttmála. fylgiskjal 4

Fundir

Starfsmannafundir eru á skipulagsdögum skólans. Einnig er boðað til kvöldfundar ef efni standa til. Deildarfundir eru vikulega á öllum deildum í 30 mín., deildirnar leysa hver aðra af vegna þeirra funda. Deildarstjórafundir eru 2., 3. og 4. mánudag í hverjum mánuði. Handleiðsla deildarstóra og fundir lausnarteymis eru til skiptis 1. mánudag í mánuði.

Samráðsfundir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra eru eftir þörfum hverju sinni.

Fagfundir eru fimm yfir veturinn.

Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra

sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun skólans og þau eru haldin á starfsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann. *fylgiskjal 5*

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári. Fjórða hvert ár geta leikskólar sótt um sjötta skipulagsdaginn ef um námsferð erlendis er ræða. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins.

Skipulagsdagarnir eru fimm og verða:

26. september

12. nóvember

23. janúar

10. mars

15. maí

Samstarf skólastiga

Samstarf við Lindaskóla hefur verið skipulagt í samvinnu Núps, Dals og Lindaskóla. Reglulegar heimsóknir eru á milli skólastiga þar sem meistarar fara í kennslustundir 1. bekkings og þeir koma í heimsókn til okkar.

8. nóvember er helgaður baráttu gegn einelti. Sá dagur hefur verið í þróun í hverfinu og síðustu ár hafa 10. bekkingar komið í leikskólann og verið með börnunum í leik.


Frístundin er opin leikskólunum til afnota alla miðvikudagsmorgna og munu meistarar nýta sér það.

Samstarf skólastigana hefur verið mjög gott og aukist ár frá ári. Deildarstjórar Brekku og Höfða sjá að mestu leyti um samskiptin við Lindaskóla ásamt leikskólastjóra.

Aðrar upplýsingar

Fjöldi barna

Í skólanum er rými fyrir 99 börn. Veturinn 2025-2026 eru innrituð 100 börn. Fjöldi fjöltyngdra barna er 8. Eftir að Kópavogsmódelið var tekið upp hefur meðaldvalartími barna minnkað verulega. Í dag eru um 25% barna í 30 klst. á viku í leikskólanum og börnin í Núpi dvelja þar að meðaltali í 7,2 tíma á dag.



Móttaka nýrra barna

Þegar barn byrjar í leikskólanum Núpi fer ákveðið móttökuferli í gang sem felur í sér að gera foreldra og barn öruggt í því ferli sem er að hefjast og að starfsfólk leikskólans fái sem gleggsta mynd af barninu og aðstæðum þess.

Móttökuviðtal

Deildarstjóri og leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri hitta alla forráðamenn nýrra barna áður en barnið byrjar í leikskólanum. Þar er farið yfir helstu bakgrunnsupplýsingar um barnið og leikskólastarfið kynnt. Forráðamenn fylla út pappíra varðandi almennan málproska/boðskipti. Þannig getum við gripið til snemmtækra íhlutunar ef þurfa þykir.

Aðlögun

Gert er ráð fyrir að aðlögun nýrra barna hefjist um miðjan ágúst og ljúki um miðjan september. Í Núpi er þátttökuaðlögun, þar sem börn og forráðamenn eru saman í þrjá daga hluta úr degi.

Við tökum börnin inn í stórum hópum í einu (hópaðlögun) og eru allt upp í 7 börn í hverjum hópi.

Markmið aðlögunar er að:

- barnið tengist starfsfólki leikskólans og kynnist starfsemi.
- barnið kynnist herbergjaskipan leikskólans og fái að vita hvar skúffa þess og hólf eru.
- barn og forráðamenn kynnist starfsfólki og börnum leikskólans.
- forráðamenn þekki þá sem koma til með að taka á móti barninu og fái innsýn í starfsemi leikskólans.
- barn og foreldri upplifi leikskólalífið saman.
- foreldri fái yfirsýn yfir sem flestar stundir dagsins og viti hvað barnið hefur fyrir stafni á hverjum tíma.
- barnið kynnist hverri nýrri stund ásamt foreldri til að það finni sig öruggt í leikskólanum auk möguleika til umræðu heima.
- hin börnin og starfsfólkið á deildinni kynnist nýja barninu

Flutningur milli deilda

Flutningur barna milli deilda fer fram vikuna eftir sumarlokun leikskólans. Markmiðið er að börnin kynnist starfsfólki og börnum nýju deildarinnar og finni sig örugg þar. Aðlögun milli deilda tekur tvo til þrjá daga og fylgir starfsmaður af gömlu deildinni börnunum yfir á nýja deild. Starfsfólk leikskólans nýtir vorið og sumarið til að kynna nýju deildina fyrir börnunum og farið er í heimsóknir á milli deilda með litla hópa. Forráðamönnum er boðið að skoða deildina á fyrirfram auglýstum degi. Deildarstjórar eru til viðtals á deildunum í klukkustund og geta forráðamenn litið inn á þeim tíma.

Sérkennsla

Markmið sérkennslunnar er að barnið geti notið leikskóladvalar sinnar og fái allan þann stuðning og örvun sem það þarf til þess. Lögð er áhersla á að öll sérkennsla fari fram í litlum hópum þannig að barn sem þarf á sérkennslu að halda sé ekki tekið eitt út úr hópnum. Sérkennslan er því fléttuð inn í allt starf leikskólans eftir þörfum sérhvers barns. Unnið er eftir verkferlum Handbók leikskólans um snemmtæka íhlutun leikskólabarna.

Samþætt þjónusta í þágu velferðar barna

Meginmarkmið með samþættri þjónustu í þágu barna er að börn og foreldrar sem á aukinni þjónustu að halda hafi aðgang að henni án hindrana. Farsældarþjónusta nær frá grunnþjónustu sem er aðgengileg öllum börnum og/eða foreldrum til frekari stigskiptrar einstaklingsbundinnar þjónustu, m.a.

á sviði menntamála, heilbrigðismála, löggæslu, félagsþjónustu og barnaverndar. Öll börn eiga rétt á samfelldri þjónustu frá fæðingu til 18 ára aldurs og ber okkur að tryggja að svo sé.

Útskrift

Útskrift þeirra barna sem fara í grunnskóla er í lok maí. Farið er í útskriftarferð, börnin útbúa sér nesti sjálf. Þau fá bakpoka sem þau passa sjálf uppá í ferðinni. Haldin verður útskriftarveisla þar sem börnin flytja sönglög sem þau hafa æft og bjóða forráðamönnum sínum til veislu. Börnin fá rós og viðurkenningarskjal til staðfestingar á leikskólagöngu þeirra.

Nemar

Alltaf er eitthvað um að Háskólarnir sem sjá um menntun leikskólakennara leita til okkar um að taka nema í starfsnám. Á síðasta skólaári var óskað eftir plássi fyrir nema þar sem unnið var með elstu börnin. Deildarstjóri þeirrar deildar var í veikindaleyfi á þeim tíma sem neminn átti koma og því sáum við okkur ekki fært að taka á móti þeim það árið. Kennarar í Núpi eru almennt opnir fyrir því að taka nema og við tökum þeim fagnandi næsta skólaár ef þess er óskað.

Tveir starfsmenn eru í íslenskuþorpinu sem er námskeið á vegum menntafléttunar. Náminu er ætlað að styðja við starfsfólk að erlendum uppruna og auka orðaforða þeirra.

Tveir erlendir leikskólakennarar hafa fengið aðgang að bara tala appinu sem á að auka orðaforða þeirra. Bara tala er ætlað fólki sem er styttra komið í íslensku.

Húsnæði

Leikskólinn Núpur stendur við Núpaland 3. Hann er 733 m² að flatarmáli og flatarmál lóðar er 4077m² á grunnteikningu, garðurinn var minnkaður lítið eitt árið 2002 en stækkaður við deildina Lund haustið 2005 þannig að hann er öðruvísi en grunnteikning segir til um en flatarmálið sennilega nærri lagi. Núpur er fimm deilda leikskóli þar sem boðið er upp á sveigjanlegan dvalartíma. Tvær deildir eru fyrir fjögurra og fimm ára börn, tvær deildir fyrir tveggja og þriggja ára börn og ein deild fyrir 18 mánaða gömul börn. Gert er ráð fyrir 7,5 m² pr. barn í leikrými

Á skólaárinu 2024-2025 var klárað að setja upp gardínur og er því verki þá lokið. Smávægileg verkefni voru kláruð s.s. að setja upp skápa á skrifstofu og yngri gangi. Skipt var út öllum ljósum í húsinu 2023-24 þar sem Led lampar voru sett upp í stað glópera. Þegar ljósin voru sett upp gleymdist að setja á þau dimmer en það var lagað á síðasta skólaári.

Fyrir fjárhagsárið 2026 var m.a. óskað eftir því að klárað verði að skipta út gömlum gólfdukkum fyrir nýja. Engin aðstaða er fyrir starfsfólk að geyma útífatnað sinn og óskað verður eftir því að úr því verði bætt. Laga þarf loftræstingu og loka eldri gangi.

Öryggismál

Öryggisnefnd

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd. Hlutverk hennar er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og koma í veg fyrir heilsutjón.

Öryggistrúnaðarmaður er Fríða Kristín Hannesdóttir, öryggisvörður er Svana Kristindóttir og aðstoðarleikskólastjóri er hennar staðgengill.

Unnið er eftir áætlun um slysavarnir ef slys verða.

Á skipulagsdegi í vetur verður farið yfir rýmingaráætlun skólans.

Brunaæfingar verða gerðar með reglulegu millibili.

Áfallaráð

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti í Áfallaráði sitja ásamt leikskólastjóra, aðstoðarstjóri og deildarstjórar. Meginmarkmið áfallaráðs er að bregðast við og halda utan um þær aðgerðir sem fara í gang þegar áfall verður.

Innra eftirlit

Daglega er farið yfir garðinn áður en börnin fara út til að tryggja að hann sé öruggur. Að sama skapi er tryggt öryggi á innleiksvæðum barnanna.

Daglegt eftirlit er einnig haft með þrífum á salernum barna sem og í eldhúsi.

Slys

Ef börn veikjast, verða fyrir slysi eða öðrum óhöppum er haft samband við foreldra ein fljótt og hægt er. Öll slys sem verða í skólanum eru skráð í atvikaskráningakerfi Kópavogsbæjar. Á öllum deildum er öryggismappa með upplýsingum um hvert barn ásamt símanúmeri forráðamanna. Ef starfsmaður slasast er atvikið einnig skráð í atvikaskráningakerfi Kópavogsbæjar ásamt því að skýrsla er send á vinnueftirlitið. Öryggismappa fyrir starfsfólk er til og er hún geymd á skrifstofu leikskólastjóra.

Lokaorð

Veturinn 2024–2025 gekk ekki eins vel og við höfðum vonast eftir. Þar vegur þyngst sú ákvörðun að ráða ekki aðstoðarleikskólastjóra. Mikil veikindi og fjarvera fólks einkenndi stóran hluta vetrar og var fólk mikið á hlaupum að leysa af hér og þar um húsið. Þetta rötleysi hafði þau áhrif að sérkennslu var ekki sinnt eins og lög gera ráð fyrir, tónlistaruppeldið sat oft á hakanum og rötleysi í barnahópnum jók á vandann. Í lok vetrar missum við út fólk í langtímaveikindi, sumt er komið til baka að hluta en ekki er fyrirséð hvenær aðrir skili sér til vinnu aftur.

Veturinn 2024–2025 reyndist krefjandi en jafnframt lærdómsríkur. Við tókum þann lærdóm með okkur inn í veturinn 2025–2026 með skýrum umbótum og áherslum sem miða að stöðugleika, gæðum og vellíðan barna og starfsfólks.

Fram undan er markviss efling á stjórnun og daglegu starfi: verkaskipting verður skýrari og deildarfundir tryggðir í dagskipulagi. Lögð verður áhersla á smærri hópa dag hvern. Notkun á námsefninu *Lubbi finnur málbein* verður endurmetin með það að markmiði að málörvun verði fjölbreyttari og betur sniðin að áhuga og þörfum barna. Samhliða þessu verður unnið að markvissara að innleiðingu Heimsmarkmiðanna og Barnasáttmálans í daglegu starfi.

Umhverfi og sjálfbærni fá áframhaldandi lyftistöng: Drullusvæðið verður stækkað, tölur og form máluð á stéttar og settur upp vatnskraní í Lundargarði til að styrkja leik og könnun. Við gerum átak í flokkun og endurvinnslu og drögum úr matarsóun með skýru verklagi.

Í foreldrasamstarfi styrkjum við dagleg samskipti samhliða góðu upplýsingaflæði í tölvupóstum og í Völu, með sérstakri áherslu á að ná til allra foreldra.

Vellíðan starfsfólks er forgangsmál eins og hingað til. Verkefnið velferð á vinnustað verður áfram mikilvægur þáttur í að fylgjast með heilsufari og líðan starfsfólks og fólki boðin viðeigandi aðstoð þegar þörf er á. Góð líðan starfsfólks er forsenda þess að hægt sé að gera góðan skóla betri.

Að lokum viljum við þakka börnum, foreldrum og starfsfólki fyrir traust, þolinmæði og góð samskipti. Með sameiginlegu átaki og skýrum áherslum gögnum við tvífeld inn í nýtt skólaár þar sem einkunnarorðin **sjálfstæði, sköpun, samvinna og gleði** leiða okkur áfram.

Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Niðurstöður mats

Viðmið um mat		
Mjög gott: Samræmi við markmið	Gott: Flestir þættir gengu eftir	Ábótavant: Mikilvægir þættir gengu ekki upp
Markmið	Niðurstaða mats	Athugasemdir
Börn fá meiri tíma og rými fyrir frjálsan leik		Þessi þáttur var ekki metin með markvissum hætti þetta skólaárið
Börn komi að skipulagi snillikennslu		Börn eru höfð með í ráðum þegar viðfangsefni eru valin
Börn koma að gerð matseðla		Til stóð að börnin kæmu með tillögur að matseðli einu sinni í mánuði. Af því varð ekki
Stuðningur við nýja deildarstjóra		Þörf er á að skilgreina leiðsögnina betur
Auka fjölbreytni í tónlistarvali og koma á markvissri vinnu með tónlist		Starf sérgreinastjóra tónlistar komið á. Þróunarverkefni með áherslu á tónlistarstarf með öllum aldurshópum
Skipting barna í minni hópa		Mætti gera betur eftir hvíld á yngri gangi
Minni matarsóun		ekki unnið með markvissum hætti þetta skólaár
gæðastarf í samverustundum		Hugmyndabanki Samverustunda tilbúinn er aðgengilegur á öllum deildum

Skólanámsskrá		Vinna á lokametrinum
Læsisstefna Núps		Vinna við læsisstefnu er enn í gangi

Fylgiskjal 2 – Umbótaáætlun

Viðfangsefni/markmið	Vegna	Aðgerðir til umbóta	Tímarammi	Ábyrgð	Endurmat	Viðmið um árangur
Stuðningur við nýja deildarstjóra	Starfsmannasamtöl	Nýir deildarstjórar fá handleiðslu fyrsta árið í starfi. Útbúa verkáætlun fyrir leiðsögn og taka frá tíma vikulega í hana	Desember 2025	Stjórnendur	2026	Verkáætlun leiðsagnar verði tilbúin
Skipting barna í minni hópa	Innra mat Núps, starfsmannasamtöl og ítrekuð umræða á fundum	Búa til skipulag fyrir daginn sem gerir ráð fyrir skiptingu barnanna í litla hópa	2025-2026	Deildarstjórar yngri gangs	2026	Skipulag er til og farið er eftir því
Læsisstefna Núps	Umræða á fagfundum	Faghópurinn skrifar nýja læsisstefnu fyrir Núp	2025-2026	Stjórnendur	2026	Læsisstefna tilbúin og birt á heimasíðu
Minnka matarsóun	Mat starfsmanna og barna á matmálstímum	Kynna verklag í matsal vel á skipulagsdegi og fylgja því eftir að unnið sé eftir því	2025-2026	Deildarstjórar	Vor 2026	Mælingar sína að matarsóun hafi minnkað
Málað á stéttarnar í Lundargarði	Mat á námssviðinu sjálfbærni og vísindi	Kaupa málningu og mála stéttirnar	Vor 2026	Stjórnendur	Fyrir sumarlokun 2026	Stéttar málaðar
Flokkun sorps og endurvinnsla	Mat á námssviðinu sjálfbærni og vísindi	Deildarstjórar gera áætlanir um fræðslu til barnahópsins	Haustönn 2025	Deildarstjórar	Janúar 2026	Áætlun tilbúin og unnið samkvæmt henni
Deildarfundir	Starfsmannasamtöl og deildarmat	Koma fyrir í dagskipulagi	September 2025	Stjórnendur	Janúar 2026	Deildarfundir komnir inn í skipulag
Lubbi	Deildarmat	Búa til Verkáætlun þar sem stígandi er í námsefninu	Haustönn 2025	Deildarstjórar	Vor 2026	Verkáætlun tilbúin
Heimsmarkmiðin	Skerpa þarf á vinnu við heimsmarkmiðin	Umræða á fagfundi	Janúar 2026	stjórnendur	Vor 2026	Starfsfólk er meðvitað um tengsl heimsmarkmiða við skólastarfið
Að ná til allra foreldra í daglegum samskiptum	Deildarmat	Starfsfólk leggi sig fram við að tala við alla foreldra	Haustönn 2025	Deildarstjórar	Vor 2026	Rafræn örkönnun send út á foreldra

Ábyrgðaraðilar:

Svana Kristinsdóttir

Áslaug Pálsdóttir Ragnheiðardóttir

Matsáætlun Núps 2025-2026

Matsþáttur	Viðmið	Hver metur	Hvenær	Matsgögn	Framsetning á niðurstöðum
1. Stjórnun					
1.3 Faglegt samstarf	Stefna leikskólans er mótuð í samvinnu við starfsfólk, foreldra og börn. Áhersla er á nám, vellíðan barna og stuðning við starfsfólk	Matsteymi	Maí 2026	“Viðmið og vísbendingar fyrir innra mat” Spurningalisti	Samantekt niðurstaðna birt á heimasíðu
1.5 Skólanámsskrá, Starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Skólanámsskrá og starfsáætlun sem byggja á sérstöðu leikskólans, unnar í samvinnu við starfsfólk, foreldra og börn.	Matsteymi	Október	“Viðmið og vísbendingar fyrir innra mat” Spurningalisti	Samantekt niðurstaðna birt á heimasíðu
2. Uppeldis og Menntastarf					
2.1 Skipulag náms og námsaðstæður	Námsumhverfier öruggt, fjölbreytt og stuðlar að þroska og vellíðan barna. Skipulag og efniviður leikskólans eru sniðin að þörfum barna og starfsfólks.	Allir starfsmenn	Nóvember á skipulagsdegi	“Viðmið og vísbendingar fyrir innra mat” Spurningalisti	Samantekt niðurstaðna birt á heimasíðu
2.2 Uppeldi, menntun og starfshættir	Börn læra í gegnum leik og skapandi starf. Hvert barn er fullgildur þátttakandi í skólasamfélaginu. Starfið er ígrundað og einstaklingsmiðað. Leikur fær nægt rými og starfsfólk styður við áhuga, nám og jákvæð samskipti barna.	Allir starfsmenn	Nóvember á skipulagsdegi	“Viðmið og vísbendingar fyrir innra mat” Spurningalisti	Samantekt niðurstaðna birt á heimasíðu

2.4 Námssvið leikskólans Læsi og samskipti	Starfið byggir á námssviðum leikskólans þar sem leikur, sköpun, samskipti, heilbrigði og sjálfbærni fléttast saman í daglegt starf. Börnin fá fjölbreytt tækifæri til að tjá sig, rannsaka, skapa og læra um umhverfi sitt, velferð, náttúru og menningu í leik og samveru.	Allir starfsmenn	Skipulags-dagur í Janúar	Spurningalisti frá Kópavogsbæ	Samantekt niðurstaðna birt á heimasíðu
2.5 Leikskóli margbreytileikans	Gætt er að inngildingu allra barna. Starfið byggir á námi án aðgreiningar. Hvert barn fær stuðning við hæfi, í nánú samstarfi starfsfólks, foreldra og sérfræðipjónustu	Matsteymi	Febrúar	“Viðmið og vísbendingar fyrir innra mat” Spurningalisti	Samantekt niðurstaðna birt á heimasíðu
2.6 Mat á námi og velferð barna	Í leikskólanum er markvisst fylgst með þroska, námi og velferð barna með reglubundnu mati. Mat er einstaklingsmiðað og unnið í samstarfi við foreldra og sérfræðipjónustu eftir þörfum.	Deildarstjórar, sérkennsla og foreldrar	Foreldra-viðtöl í október og mars Einstaklingsmat jafnt og þétt yfir árið	Foreldraviðtöl Hljóm-2 EFI Tras Hæfniramar	Samantekt niðurstaðna birt á heimasíðu
3. Mannauður					
3.1 Hlutverk leikskólakennara	Leikskólakennarar leiða faglegt uppeldis- og menntastarf og stuðla að hvetjandi námsumhverfi. Þeir virða styrkleika hvers barns, vinna í nánú samstarfi við foreldra og starfsfólk og veita stuðning, ráðgjöf og fræðslu eftir þörfum.	Matsteymi	Mars	“Viðmið og vísbendingar fyrir innra mat” Spurningalisti	Samantekt niðurstaðna birt á heimasíðu
3.2 Fagmennska starfsfólks	Starfsfólk leikskólans vinnur sameiginlega að markmiðum hans af fagmennsku, metnaði og skapandi hugsun. Samvinna, fagleg umræða og stöðug endurmat einkenna starfið.	Starfsmanna-hópurinn	Mars	“Viðmið og vísbendingar fyrir innra mat” Spurningalisti	Samantekt niðurstaðna birt á heimasíðu
3.3 Starfsánægja	Starfsfólk leikskólans er stolt af starfi sínu, finnur til ánægju og metnaðar. Jafnræði og jákvæður starfsandi ríkir og hæfni, framlag og vellíðan allra eru metin að verðleikum.	Starfsmanna-hópurinn	Mars/apríl	“Viðmið og vísbendingar fyrir innra mat” Spurningalisti Ánægjukönnun	Samantekt niðurstaðna birt á heimasíðu

4. Leikskólabragur					
4.2 Velferð og líðan barna	Börnum líður vel í leikskólanum, eru stolt af þátttöku sinni og njóta jákvæðra samskipta. Starfsfólk er góðar fyrirmyndir, stuðlar að öryggi, vellíðan og heilbrigðum lífsstíl barna og bregst við áskorunum af fagmennsku og hlýju.	Starfsmanna- hópurinn og foreldrar	Apríl	“Viðmið og vísbendingar fyrir innra mat” Spurningalisti Rafræn könnun lögð fyrir foreldra	Samantekt niðurstaðna birt á heimasíðu
5. Innra mat					
5.1 Skipulag og viðfangsefni	Innra mat leikskólans er skipulagt, reglulegt og samofið daglegu starfi til að meta árangur og gæði starfsins.	Matsteymið	Maí	“Viðmið og vísbendingar fyrir innra mat”	Samantekt niðurstaðna birt á heimasíðu
5.2 Gagnaöflun og vinnubrögð	Innra mat leikskólans byggir á fjölbreyttum aðferðum og upplýsingum sem safnað er í samráði við börn, foreldra og starfsfólk. Matinu er stýrt af stjórnendum og niðurstöður þess nýttar til umbóta og þróunar í starfinu.	Matsteymið	Maí	“Viðmið og vísbendingar fyrir innra mat”	Samantekt niðurstaðna birt á heimasíðu
5.3 Opinber birting og umræður	Innra mat leikskólans er opið og aðgengilegt öllum hagsmunaaðilum, með greinargerðum sem endurspeglar markmið, aðferðir, niðurstöður og tækifæri til umbóta	Matsteymið	Júní	“Viðmið og vísbendingar fyrir innra mat”	Samantekt niðurstaðna birt á heimasíðu
Starfið í Núpi					
Dagskipulag	skipulagið er raunhæft og í samræmi við markmið skólans. Nægur tími gefst til sjálfsprotts leiks og skipulagðar athafnir eiga sinn fasta tíma	Starfsfólk deilda	Maí	Spurningalisti frá stjórnendum	Samantekt niðurstaðna birt á heimasíðu

Matsáætlun fyrir Rýnihópa barna í Núpi 2025-2026

Mánuður	Matspáttur	Hver metur	Aðferð	Lokið
Nóvember	Samverustundir	Meistarar og Hnokkar	Demantamat umræðuhópar	28. Nóv
Desember	Leiksvæði	Öll börn	Athuganir (yngri) spurningalistar (eldri)	15. des
Janúar	Leikefni	Höfði, Brekka og Hvammur	Ljósmyndamat	29. jan
Ferbrúar	Lubbi og Blær	Eldri gangur	Broskallar	27. febrúar
Mars	Matmálstímar	Öll Börn	Broskallar og umræður hópar	27 mars.
Apríl	Söngstundir	Öll börn	Grænt/rautt	30. apríl
Maí	Skólaheimsóknir	Meistarar	Opnar spurningar	29. maí

Fylgiskjal 4 – Samskiptasáttmáli Núps

Samskiptasáttmáli Núps

Samskipti, Jákvætt hugarfar og virðing



Við látum vita af því sem vel gengur, hrósum afeinlægni fyrir velunnin störf. Við erum hreinskilin og heiðarleg hvert við annað, bendum á það sem betur má fara með uppbyggilegum hætti og erum vakandi fyrir líðan samstarfsfélaga. Við berum virðingu fyrir þeim sem til okkar leita og hvert fyrir öðru með því að sýna tillitssemi, kurteisi, góðvild, umburðarlyndi og sanngirni

- Við bjóðum ávallt góðan dag, kveðjum í lok dags
- Við komum fram við alla sem jafningja
- Við virðum rétt fólks til mismunandi skoðana
- Við komum fram af heilindum og gerum ráð fyrir að fólk vilji vel
- Við leggjum okkur fram um að hafa opin og uppbyggileg samskipti og fyrirgefum mistök
- Við sýnum mildi og æðruleysi og veitum hvert öðru stuðning og umhyggju þegar á þarf að halda
- Við tökum okkur ekki of alvarlega
- Við erum jákvæð og komum með góða skapið, gleði, og glettni í vinnuna
- Við leggjum okkur fram um að ganga frá eftir okkur og sýnum snyrtimennsku í allri umgengni

Fagmennska og metnaður

Við leggjum okkur fram í störfum okkar og stefnum alltaf á að bjóða upp á besta leikskólastarf sem okkur er unnt. Við erum öll í sama liði; við hjálpumst að, við stöndum saman, við styðjum hvert annað, treystum hvort öðru og höldum góðu upplýsingaflæði.

- Við tökum frumkvæði í störfum okkar
- Við sýnum ábyrgð í samskiptum okkar við börn, foreldra og samstarfsfólk
- Við getum leitað til samstarfsfélaga og vinnum saman að markmiðum okkar
- Við berum virðingu fyrir þekkingu, kunnáttu og störfum hvers annars
- Við mætum verkefnum með jákvæðni, áhuga og sveigjanleika
- Við leitumst við að halda upplýsingaflæði góðu
- Við virðum trúnað gagnvart börnunum í okkar umsjá sem og samstarfsfólkinu

Fylgiskjal 5 – Símenntunaráætlun

Símenntunaráætlun Núps 2025-2026



Starfsáætlun fyrir leikskólann Núp

Pátttakendur	Lýsing á námskeiði	Markmið Umsögn foreldraráðs	Dagsetning	Tíma fjöldi
Nýtt starfsfólk	Nýliðaviðtöl Farið yfir starfsmannahandbókina	Að nýtt starfsfólk sé meðvitað um stefnu skólans og þekki til starfsaðferða	1x í mánuði fyrstu þrjá mánuðina í starfi	ca 45 mín í hvert skipti
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla á skipulagsdegi	Að nýtt starfsfólk sé meðvitað um stefnu skólans og þekki til starfsaðferða auk umgengnisreglna á vinnustaðnum.	12. nóvember	30 mínútur
Nýtt starfsfólk	Fjölgreindanámskeið	Að nýtt starfsfólk þekki hugmyndafræði fjölgreindanna og geti starfað í anda hennar.	12. nóvember	1 klst
Fagfólk	Yfirfara starfsáætlun, stefnur og öryggisþætti	Faghópurinn stilli saman strengi, taki sameiginlegar ákvarðanir um faglegt starf og þekki helstu stefnur og áætlanir skólans Auður Hanna Guðmundsdóttir	5x á ári	2 klst x5 = 10 klst eftir vinnu. Fagfundir
Allt starfsfólk	Skyndihjálp	Starfsmenn þekki rétt viðbrögð við slysum og bráðum veikindum barna og læri að fyrirbyggja þau.	23. jan	4 klst
Allt starfsfólk	Mál og málörvun	Starfsfólk þekki mikilvægi málörvunar og þætti sem tengjast máltöku og málörvun Lilja Birgisdóttir	23. janúar	2 klst
Allt starfsfólk	Viðbrögð við kynferðisofbeldi -netnámskeið	Starfsfólk þekki einkenni og viðbrögð við kynferðisofbeldi og kynferðislegri hegðun barna	September 2025	1klst
Deildarstjórar	Fræðslufundir sérsniðnir að starfi deildarstjóra haldnir af leikskóladeild	Að styrkja deildarstjóra í starfi Ólaf Asgeirsdóttir	Einu sinni í mánuði yfir vetrartímann	2 klst
Erlent starfsfólk	Íslenskuþorpið	að styðja við starfsfólk að erlendum uppruna og auka orðaforða þeirra.	Tvisvar í mánuði	2 tímar í senn

